



Hörgársveit

Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 – auglýsing á niðurstöðu sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 30. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2008-2020. Breytingin lýtur að legu nýrrar aðveituæðar hitaveitu frá Hjalteyri til Akureyrar, sem hliðrað er frá legu eldri aðveituæðar á kaflanum milli Óss og Hellulands. Hliðrun lagnaleiðarinnar nemur um 0 til 500 m á um 3 km kafla. Breytingin telst óveruleg með tilliti til viðmiða sem tilgreind eru í gr. 4.8.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og hefur hún hlotið málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild stjórnartíðinda.

F.h. Hörgársveitar,
Skipulags- og byggingarfulltrúi